

**146. fundur Félagsmálanefndar Fjallabyggðar  
haldinn í fjarfundi  
miðvikudaginn 17. maí 2023 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Sæbjörg Ágústsdóttir, formaður, A lista,  
Friðþjófur Jónsson, aðalmaður, A lista,  
Ólafur Baldursson, varaformaður, D lista,  
Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir, aðalmaður, D lista,  
Ólöf Rún Ólafsdóttir, aðalmaður, H lista,  
Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar,  
Helga Helgadóttir, ráðgjafi félagsþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

**Fyrir var tekið:**

**1. Sveigjanleg dagdvöl og dagþjálfun í Fjallabyggð - 2109037**

*Farið yfir tillögur um breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd dagþjónustu sem m.a. hafa breytingar í för með sér fyrir núverandi skipulag þjónustunnar í Húsi eldri borgara.*

**Niðurstaða**

*Farið yfir fyrirhugaðar breytingar á þjónustu við aldraða í Ólafsfirði. Deildarstjóri gerði grein fyrir breyttu fyrirkomulagi á framkvæmd þjónustunnar sem m.a. hafa breytingar í för með sér fyrir núverandi skipulag þjónustunnar í Húsi eldri borgara. Félagsmálanefnd samþykkir fyrirhugaðar breytingar og samþykkir jafnframt fyrir sitt leyti að leigusamningi um afnot félagsþjónustunnar af Húsi eldri borgara í Ólafsfirði, verði sagt upp samkvæmt þeim uppsagnarákvæðum sem í honum eru.*

**3. Starfsáætlun félagsmáladeildar 2023 - 2212013**

*Umræður um áherslur og forgangsröðun verkefna félagsmáladeildar.*

**Niðurstaða**

*Umræður um áherslur og forgangsröðun verkefna félagsmáladeildar.*

**2. Samningur milli Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um samráð og samstarf um félagslega þjónustu - 2211134**

*Farið yfir markmið og hlutverk samnings milli Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar um samráð og samstarf um félagslega þjónustu, sem staðfestur var í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 25. maí 2022. Í umræðum um málið voru viðráðar hugmyndir um sameiginlegan fund félagsmálanefndar Fjallabyggðar og félagsmálaráðs Dalvíkurbyggðar í þeim tilgangi að ræða tilgang og markmið samningsins. Deildarstjóra félagsmáladeildar falið að vinna að frekari undirbúningi.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.**

---

Sæbjörg Ágústsdóttir

---

Friðbjófur Jónsson

---

Ólafur Baldursson

---

Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir

---

Ólöf Rún Ólafsdóttir

---

Hjörtur Hjartarson

---

Helga Helgadóttir